

HB Grandi hf.  
Samandreginn árshlutareikningur  
samstæðunnar  
30. júní 2012  
í evrum

HB Grandi hf.  
Norðurgarði 1  
101 Reykjavík

Kt. 541185-0389

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	5
Yfirlit um heildarafkomu .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Eiginfjáryfirlit .....	8
Sjóðstreymisyfirlit .....	9
Skýringar .....	10

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

---

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning HB Granda hf. og dótturfélaga þess.

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu nam tap af rekstri samstæðunnar á tímabilinu 1.520 þús. evra, en þegar tekið er tillit til þýðingarmunar vegna starfsemi erlendra dótturfélaga er heildartap samstæðunnar 464 þús. evrur.

Eigið fé samstæðunnar í lok tímabilsins var 170.973 þús. evrur samkvæmt efnahagsreikningi.

Alþingi samþykkti í lok júní 2012 ný lög um veiðigjöld sem fela í sér að veiðigjöld HB Granda hf. rúmlega fjórfaldast frá síðasta fiskveiðiári. Miðað við forsendur laganna nema áætluð veiðigjöld til greiðslu vegna fiskveiðiársins 2012/2013 12.686 þús. evrum (2,0 milljarða króna). Eftir það er gert ráð fyrir stighækkandi sérstöku veiðigjaldi þar til veiðigjöldin á fiskveiðiárinu 2016/2017 ná 65% af sérstaklega reiknaðri rentu allra sjávarútvegsfyrirtækja samanlagt byggt á almanaksárinu 2014. Veruleg hækkun á veiðigjöldum félagsins lækkar rekstrarvirði þess.

Virðisrýrnunarpróf var framkvæmt á aflaheimildum í lok júní 2012 með því að reikna endurheimtanlegt virði þeirra. Niðurstaða virðisrýrnunarprófs sýnir að rekstrarvirði félagsins lækkar um 136.468 þús. evrur (22,3 milljarða króna) eða úr 397.369 þús. evrum í 260.897 þús. evrur á fyrri hluta ársins 2012 sem skýrist af hækkun á veiðigjaldi. Í árslok 2011 var reiknað virði eigna félagsins talsvert umfram bókfært verð þeirra eða sem nemur 143.163 þús. evrum.

Eins og fram kemur í skýringu nr 8 í árshlutareikningi eru eingöngu keyptar aflaheimildir félagsins færðar til eignar. Bókfærðar aflaheimildir í uppsjávarfiski hafa ekki rýrnað í virði, en bókfærðar aflaheimildir botnfisks hafa orðið fyrir 21.601 þús. evru (3,5 milljarða króna) virðisrýrnun. Sjá nánar skýringu 8 í árshlutareikningnum.

Forstjóri félagsins lét af störfum í júlí 2012 og er unnið að ráðningu nýs forstjóra. Fjármálastjóri félagsins hefur verið skipaður framkvæmdastjóri tímabundið.

## Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 30. júní 2012 og rekstrarafkomu samstæðunnar og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2012.

Stjórn og framkvæmdastjóri HB Granda hf. hefur í dag fjallað um samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2012 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 29. ágúst 2012.

Stjórn félagsins:

Árni Vilhjálmsson

Kristján Loftsson

Halldór Teitsson

Iða Brá Benediktsdóttir

Hanna Ásgeirsdóttir

Framkvæmdastjóri:

Jónas Guðbjörnsson

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar HB Granda hf.

## Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikning HB Granda hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2012, sem hefur að geyma rekstrarreikning, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur félagsins eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan staðal um árshlutareikninga, IAS 34. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn og er byggð á könnuninni.

## Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um *Könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum*. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

## Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn samstæðuársreikningur sé í samræmi við IAS 34 „Árshlutareikningar“.

Reykjavík, 29. ágúst 2012.

**KPMG ehf.**

Kristrún Ingólfssdóttir

# Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. júní 2012

	Skýr.	2012 1.1.-30.6.	2011 1.1.-30.6.
Seldar vörur .....		93.259	76.283
Kostnaðarverð seldra vara .....	(	61.339)	( 48.984)
<b>Vergur hagnaður</b> .....		<u>31.920</u>	<u>27.299</u>
Útflutningskostnaður .....	(	5.494)	( 4.376)
Annar rekstrarkostnaður .....	(	3.033)	( 2.906)
Virðisrýrnun aflaheimilda .....	8	( 21.601)	0
<b>Rekstrarhagnaður</b> .....		1.792	20.017
Fjáreignatekjur .....		40	26
Fjármagnsgjöld .....	(	2.234)	( 2.964)
Gengismunur .....		173	( 1.302)
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld samtals .....	(	2.021)	( 4.240)
Áhrif hlutdeildarféлага .....		1.252	1.426
Hagnaður fyrir tekjuskatt .....		1.023	17.203
Tekjuskattur .....	7	( 2.543)	( 1.541)
<b>(Tap) hagnaður tímabilsins</b> .....		<u>( 1.520)</u>	<u>15.662</u>
<b>Skipting (taps) hagnaðar:</b>			
Hluthafar móðurfélags .....	(	1.674)	15.166
Hlutdeild minnihluta .....		154	496
(Tap) hagnaður tímabilsins .....	(	1.520)	15.662
<b>EBITDA</b> .....		<u>28.688</u>	<u>25.242</u>
<b>(Tap) hagnaður á hlut:</b>			
(Grunntap) -hagnaður og þynnt (tap) -hagnaður á hlut (ISK) .....	(	0,001)	0,0089

Skýringar á blaðsíðum 10 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum

# Yfirlit um heildarafkomu 1. janúar til 30. júní 2012

---

	2012 1.1.-30.6.	2011 1.1.-30.6.
<b>(Tap) hagnaður tímabilsins</b> .....	( 1.520)	15.662
<b>Rekstrarliðir færðir á eigið fé:</b>		
Býðingarmunur vegna starfsemi erlendra dóttur- og hlutdeildarféлага .....	<u>1.056</u>	<u>( 956)</u>
<b>(Heildartap) -hagnaður tímabilsins</b> .....	<u>( 464)</u>	<u>14.706</u>
<b>Skipting (heildartaps) -hagnaðar:</b>		
Hluthafar móðurfélags .....	( 620)	14.197
Hlutdeild minnihluta .....	<u>156</u>	<u>509</u>
(Heildartap) -hagnaður tímabilsins .....	<u>( 464)</u>	<u>14.706</u>

Skýringar á blaðsíðum 10 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum

# Efnahagsreikningur 30. júní 2012

		30.6.2012	31.12.2011
<b>Eignir</b>			
Rekstrarfjármunir .....		99.407	94.741
Óefnislegar eignir .....	8	113.932	135.532
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum .....		19.103	16.799
Aðrar fjárfestingar .....		123	123
Lífrænar eignir .....		7.880	7.444
	Fastafjármunir	<u>240.445</u>	<u>254.639</u>
Birgðir .....	9	25.683	19.983
Lífrænar eignir .....		2.529	2.868
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....		21.714	24.174
Handbært fé .....		6.405	21.228
	Veltufjármunir	<u>56.331</u>	<u>68.253</u>
	<b>Eignir samtals</b>	<u>296.776</u>	<u>322.892</u>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....		18.619	18.619
Lögbundinn varasjóður .....		27.031	27.031
Þýðingarmunur vegna erlendra hlutdeildarféлага .....		2.769	1.713
Óráðstafað eigið fé .....		119.574	125.342
	Eigið fé hluthafa móðurfélagsins	<u>167.993</u>	<u>172.705</u>
Hlutdeild minnihluta .....		2.980	2.824
	Eigið fé samtals	<u>170.973</u>	<u>175.529</u>
<b>Skuldir</b>			
Vaxtaberandi skuldir .....		67.803	94.336
Tekjuskattsskuldbinding .....		18.331	20.397
	Langtímaskuldir	<u>86.134</u>	<u>114.733</u>
Vaxtaberandi skuldir .....		17.600	15.021
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....		17.450	13.206
Skattar til greiðslu .....		4.619	4.403
	Skammtímaskuldir	<u>39.669</u>	<u>32.630</u>
	<b>Skuldir samtals</b>	<u>125.803</u>	<u>147.363</u>
	<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<u>296.776</u>	<u>322.892</u>

Skýringar á blaðsíðum 10 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum

# Eiginfjáryfirlit 30. júní 2012

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Þýðingar munur	Óráðstafað eigið fé	Hlutdeild minni- hluta	Eigið fé samts
<b>1. janúar til 30. júní 2012</b>						
Eigið fé 1.1.2012 .....	18.619	27.031	1.713	125.342	2.824	175.529
Heildarhagnaður (-tap) tímabilsins .....			1.056	( 1.674)	156	( 462)
Greiddur arður 0,4 kr. á hlut .....				( 4.094)		( 4.094)
Eigið fé 30.6.2012 .....	18.619	27.031	2.769	119.574	2.980	170.973
<b>1. janúar til 30. júní 2011</b>						
Eigið fé 1.1.2011 .....	18.619	27.031	2.674	90.804	2.128	141.256
Heildarhagnaður (-tap) tímabilsins .....			( 969)	15.166	509	14.706
Greiddur arður 0,2 kr. á hlut .....				( 2.058)		( 2.058)
Eigið fé 30.6.2011 .....	18.619	27.031	1.705	103.912	2.637	153.904



# Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 30. júní 2012

	Skýr.	2012	2011
		1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Rekstrarhagnaður tímabilsins .....		1.792	20.017
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Virðisrýrnun aflaheimilda .....		21.601	0
Afskriftir .....		5.295	5.225
Lífrænar eignir, breyting .....	(	395)	( 2.273)
		<u>28.293</u>	<u>22.969</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum .....	(	2.689)	( 13.335)
Breytingar á rekstartengdum skuldum .....	(	20)	4.247
	(	2.709)	( 9.088)
Innheimtar vaxtatekjur .....		40	26
Greidd vaxtagjöld .....	(	2.350)	( 3.086)
Handbært fé frá rekstri		<u>23.274</u>	<u>10.821</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum .....	(	9.966)	( 5.414)
Söluverð rekstrarfjármuna .....		3	564
Fjárfestingarhreyfingar	(	9.963)	( 4.850)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Greiddur arður .....	(	4.094)	( 2.058)
Skammtímalán .....		5.802	0
Tekin ný langtímalán .....		0	6.350
Afborganir langtímalána .....	(	29.842)	( 15.230)
Fjármögnunarhreyfingar	(	28.134)	( 10.938)
<b>Lækkun á handbæru fé</b> .....	(	14.823)	( 4.967)
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b> .....		<u>21.228</u>	<u>11.152</u>
<b>Handbært fé í lok tímabilsins</b> .....		<u>6.405</u>	<u>6.185</u>

Skýringar á blaðsíðum 10 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum

# Skýringar

---

## 1. Félagið

HB Grandi hf. ("Félagið") er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru að Norðurgarði 1, Örfirisey í Reykjavík. Árhlutareikningur samstæðunnar hefur að geyma árhlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sem "samstæðunnar" og til einstakra félaga sem "samstæðufélaga", og hlutdeild samstæðunnar í hlutdeildarfélögum.

Félagið er markaðsdrifið útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki, sem gerir út togara og uppsjávarveiðiskip, starfrækir fiskiðjuver, mjöl- og lýsisverksmiðjur og markaðssetur vörur sínar undir eigin merki um heim allan.

## 2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árhlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árhlutareikninga, IAS 34. Samandreginn árhlutareikningur HB Granda hf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2011.

Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá félaginu eða á vef þess [www.hbgrandi.is](http://www.hbgrandi.is) og á vef Kauphallar Íslands; <http://www.nasdaqomxnordic.com/firstnorth>.

Stjórn félagsins staðfesti árhlutareikninginn 29. ágúst 2012.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árhlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2011.

Árhlutareikningurinn er gerður í evrum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru í þúsundum evra.

## 4. Mat og ákvarðanir

Gerð árhlutareikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í skýringu 8 um óefnislegar eignir.

## Skýringar, frh.:

### 5. Starfspáttayfirlit

<b>Starfspættir 1.1.-30.6.2012</b>	<b>Botnfiskur</b>	<b>Uppsjávarfiskur</b>	<b>Annað</b>	<b>Jöfnunarfærslur</b>	<b>Samtals</b>
Seldar vörur .....	55.712	33.430	4.148	( 31)	93.259
Kostnaðarverð seldra vara .....	( 41.050)	( 17.366)	( 2.954)	31	( 61.339)
Vergur hagnaður .....	14.662	16.064	1.194	0	31.920
Útflutningskostnaður .....					( 5.494)
Annar rekstrarkostnaður .....					( 3.033)
Virðisrýmnum aflaheimilda .....					( 21.601)
<b>Rekstrarhagnaður</b> .....					1.792
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld .....					( 2.021)
Áhrif hlutdeildarféлага .....					1.252
Hagnaður fyrir tekjuskatt .....					1.023
Tekjuskattur .....					( 2.543)
<b>(Tap) hagnaður tímabilsins</b> .....					( 1.520)

### Starfspættir 1.1.-30.6.2011

Seldar vörur .....	55.491	18.060	2.762	( 30)	76.283
Kostnaðarverð seldra vara .....	( 37.802)	( 10.641)	( 571)	30	( 48.984)
Vergur hagnaður .....	17.689	7.419	2.191	0	27.299
Útflutningskostnaður .....					( 4.376)
Annar rekstrarkostnaður .....					( 2.906)
<b>Rekstrarhagnaður</b> .....					20.017
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld .....					( 4.240)
Áhrif hlutdeildarféлага .....					1.426
Hagnaður fyrir tekjuskatt .....					17.203
Tekjuskattur .....					( 1.541)
<b>Hagnaður tímabilsins</b> .....					15.662

### 6. Veidigjald

Félagið greiðir veiðigjald skv. lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, vegna þeirra aflaheimilda sem félagið hefur fengið úthlutað. Á tímabilinu janúar til júní 2012 nam gjaldfært veiðigjald 1.848 þús. evrum (janúar til júní 2011: 691 þús. evrum).

Alþingi samþykkti í lok júní 2012 ný lög nr. 74/2012 um veiðigjöld. Miðað við forsendur laganna nema áætluð veiðigjöld til greiðslu vegna fiskveiðiársins 2012/2013 12.686 þús. evrum. Fiskveiðiárið 2011/2012 nam greitt veiðigjald 2.878 þús. evrum.

### 7. Tekjuskattur

	<b>2012</b>	<b>2011</b>
	<b>1.1.-30.6.</b>	<b>1.1.-30.6.</b>
Tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:		
Frestaðir skattar:		
Uppruni og bakfærsla tímabundinna mismuna .....	( 2.543)	( 1.541)
Virkur tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:		
Hagnaður fyrir tekjuskatt .....	1.023	17.203
Tekjuskattur miðað við gildandi skatthlutfall .....	20,0% ( 205)	20,0% ( 3.441)
Áhrif gengismunar .....	232,1% ( 2.374)	( 12,2% ) 2.097
Áhrif skatthlutfalla á erlendu skattsvæði .....	25,8% ( 264)	2,1% ( 359)
Aðrir liðir, ófrádráttarbærir .....	( 29,3% ) 300	( 0,9% ) 162
	<u>248,6% ( 2.543)</u>	<u>9,0% ( 1.541)</u>

## Skýringar, frh.:

---

### 7. Tekjuskattur frh.

Skattskil félagsins byggja á bókhaldi þess í íslenskum krónum, en árshlutareikningurinn byggir á bókhaldi í evrum. Þetta leiðir til þess að verulegur munur er á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt árshlutareikningi, einkum vegna gengisbreytinga.

### 8. Óefnislegar eignir

Keyptar aflaheimildir eru færðar til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði sem óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma og eru gerð á þeim virðisrýrnunarpróf að minnsta kosti árlega.

Óefnislegar eignir greinast þannig:	30.6.2012	31.12.2011
Aflaheimildir 1.1. ....	133.853	133.853
Virðisrýrnun .....	( 21.601)	0
Aflaheimildir 30.6. ....	112.252	133.853
Aðrar óefnislegar eignir samtals .....	1.680	1.680
Óefnislegar eignir samtals .....	113.932	135.533

Úthlutun aflaheimilda í íslenski fiskveiðilögsögu fer fram árlega og byggir á ákvæðum laga um stjórn fiskveiða.

Alþingi samþykkti í lok júní 2012 ný lög um veiðigjöld sem felur í sér að veiðigjöld HB Granda hf. rúmlega fjórfaldast frá síðasta fiskveiðiári. Miðað við forsendur laganna nema áætluð veiðigjöld til greiðslu vegna fiskveiðisins 2012/2013 12.686 þús. evrum (2.002 millj. kr). Eftir það er gert ráð fyrir stighækkandi sérstöku veiðigjaldi þar til veiðigjöldin á fiskveiðiárinu 2016/2017 ná 65% af sérstaklega reiknaðri rentu allra sjávarútvegsfyrirtækja samanlagt, á grundvelli afkomu á almanaksárinu 2014. Veruleg hækkun á veiðigjöldum félagsins til framtíðar lækkar rekstrarvirði þess sem er visbending um að aflaheimildir þess hafi orðið fyrir virðisrýrnun.

Virðisrýrnunarpróf var framkvæmt á aflaheimildum í lok júní 2012 með því að reikna endurheimtanlegt virði þeirra. Niðurstaða virðisrýrnunarprófs sýnir að aflaheimildir í uppsjávarfiski hafa ekki rýrnað í virði, en aflaheimildir botnfisks hafa orðið fyrir 21.601 þús. evra (3,5 milljarðar króna) virðisrýrnun.

Við mat á hugsanlegri virðisrýrnun aflaheimilda var byggt á spá móðurfélagsins til næstu fimm ára, þar sem væntingar um hagnað, veiðigjöld og vöxt efnahags þess, ásamt ávöxtunarkröfu voru meðal helstu breyta í matinu. Við matið er byggt á spá um rekstrarafkomu félagsins til næstu fimm ára, 2% framtíðarvexti eftir það og 8,85% ávöxtunarkröfu. Við mat á veiðigjöldum er sömuleiðis byggt á spá um rekstrarafkomu félagsins og þróun á virði rekstrarfjármuna þess.

Erfitt er fyrir stjórnendur félagsins að áætla veiðigjöld til framtíðar. Veiðigjaldsnefnd, sem á að sjá um ákvörðun sérstaks veiðigjalds, hefur ekki verið skipuð og því liggur ekki fyrir hvernig lögin verða útfærð. Þá mun stofn til sérstaks veiðigjalds ráðast af afkomu sjávarútvegs í heild, í stað þess að taka mið af afkomu hvers félags fyrir sig. Virðisrýrnunarprófið byggir á þeirri forsendu að sérstaka veiðigjaldið er reiknað miðað við rekstraráætlanir félagsins.

## Skýringar, frh.:

---

### 9. Birgðir

Birgðir greinast þannig:	30.6.2012	31.12.2011
Afurðabirgðir .....	21.174	14.892
Rekstrarvörubirgðir .....	4.509	5.091
Birgðir samtals .....	<u>25.683</u>	<u>19.983</u>

Hækkun birgða frá áramótum skýrist af árstíðabundnum sveiflum í starfsemi félagsins.

### 10. Kennitölur

Helstu kennitölur samstæðunnar:

Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir .....	1,42	2,09
Lausafjárhlutfall - kvikir veltufjármunir/skammtímaskuldir .....	0,71	1,40
Eiginfjárhlutfall- eigið fé/heildarfjármagn .....	0,58	0,54